

Hægt er að fá upplýsingar um færð á einstökum leiðum/bútum á vegakerfinu. Lengd leiðanna er yfirleitt á bilinu nokkrir km til fáeinir tugir km. Upplýsingarnar fást með þessari fyrirspurn:

http://gagnaveita.vegagerdin.is/api/faerd2017_1

Upplýsingar um mjög staðbundnar aðstæður (punkta) er hægt að fá með eftirfarandi fyrirspurn:

http://gagnaveita.vegagerdin.is/api/faerdpunktar2017_1

Hnit leiða fást t.d. með eftirfarandi fyrirspurn (nánari leiðbeiningar um hnit leiða eru í öðru skjali):

http://gagnaveita.vegagerdin.is/geoserver/gis/ows?service=WFS&version=1.0.0&request=GetFeature&typeName=gis:faerdferlar2017_1

Í upplýsingum um færð á einstökum leiðum/bútum er vegakerfinu skipt upp í marga mislanga búta. Búturnir eru auðkenndir með dálkinum IdButur sem er einkvæmur. Hver bútur er með eina eða fleiri skráningu á ástandi sem gilda fyrir allan þann búta.

Á hverjum búta geta verið þrennskonar skráningar á ástandi:

- (1) Upplýsingar í Astand dálkunum tengjast yfirborði vegar (hvort það er t.d. hált, hvort þar er snjór eða hvort vegurinn er greiðfær) og svo veðri o.þ.h. Upplýsingarnar um yfirborðið eru einu upplýsingarnar um bútin sem örugglega eru alltaf til staðar (eru aldrei NULL).
Upplýsingar um veður o.fl. (t.d. skafrenningur, éljagangur o.s.frv.) eru í AstandVidbotaruppl.
- (2) Upplýsingar um framkvæmdir (birtast á kortum á vef Vegagerðarinnar sem vegavinnuskilti). Þessar upplýsingar eru undir Frkv í gögnunum.
- (3) Upplýsingar um takmarkanir á áspunga. Þessar upplýsingar eru undir Asthungi í gögnunum.

Upplýsingar um dálka í gögnunum eru í eftirfarandi töflu.

Heiti	Tag	Lýsing	Dæmi	Null?
IdButur	int	Nr. leiðar á vegakerfi.	904180010	N
DagsSkrad	string	Hvenær færðarástand var skráð (á ISO 8601 formi).	2019-02-18T12:10:59Z	N
StuttNafnButs	string	Stutt/skammstafað nafn leiðar.	Þingv.-Uxahryggir	N
FulltNafnButs	string	Fullt nafn leiðar.	Kaldadalsvegur: Þingvellir - Uxahryggir	N
DagsButurBreyttist	string	Gefur til kynna hvenær leiðin breyttist (á ISO 8601 formi). Gerist t.d ef lega vegar eða lengd breytist. Gerist sjaldan.	2009-09-14T10:49:55Z	N
AstandYfirbord	string	Ástand vegar.	HALKUBLETTIR	N
AstandVidbotaruppl	string	Lýsing á veðri o.fl.	ELJAGANGUR	J
AstandLysing	string	Lýsing á ástandi.	Hálkublettir/éljagangur	N
AstandLysingEn	string	Lýsing á ástandi (enska).	Spots of ice/snowshowers	N
FrkvAudkenni	string	Framkvæmdir/vegavinna á leið.	VEGAVINNA	J
FrkvLysing	string	Lýsing á framkvæmdum.	Vegavinna	J
FrkvLysingEn	string	Lýsing á framkvæmdum (enska).	Road repairs	J
AsthungiAudkenni	string	Takmarkanir á áspunga á leið.	7TONN	J
AsthungiLysing	string	Lýsing á áspunga.	Áspungi 7 tonn	J
AsthungiLysingEn	string	Lýsing á áspunga (enska).	Axle weight limit 7 tons	J
Snjomokstursregla	string	Upplýsingar um hversu oft leið er mokuð.	6X	N
DagsKeyrtUt	string	Hvenær upplýsingar voru útbúnar (á ISO 8601 formi).	2019-02-18T12:30:31Z	N

Þarna birtast alltaf allar leiðir á vegakerfinu þar sem er þjónusta á vegum Vegagerðarinnar í tengslum við færð. Ef einhver leið sem áður hefur birst þarna hættir að birtast þýðir það að sú leið er ekki lengur til, að hún er ekki lengur þjónustuð eða að hún hefur breyst umtalsvert. Á sama hátt geta bæst við nýjar leiðir. Ef leið breytist verulega (lega hennar breytist t.d. eða lengd hennar breytist) fær hún nýtt númer (dálkur IdButur). Það jafngildir því í raun að leiðin hætti að vera til og önnur sambærileg komi í staðinn. Svona breytingar er hægt að vakta ef þörf krefur með því að fylgjast með hvaða gildi koma fyrir á IdButur og sækja hnit leiðanna einungis þegar breytingar verða. Með því er hægt að minnka mikið það gagnamagn sem þarf að sækja því yfirleitt verða svona breytingar einungis nokkrum sinnum á ári. Það á því alls ekki að sækja hnit leiðanna mörgum sinnum á sólarhring (eða jafnvel í hvert sinn sem upplýsingar um færð eru sóttar). Þess má svo geta að fjórir öftustu stafirnir í IdButur eru e.k. óformlegt útgáfunúmer leiðarinnar. Þegar einhverjar leiðir breytast er útgáfunúmer allra leiða yfirleitt hækkað í stað þess að hækka bara útgáfunúmer leiðanna sem breyttust. Með þessu eru allar leiðir alltaf með sama útgáfunúmer.

Það er mjög breytilegt eftir árstíma og veðri hvað þessar upplýsingar breytast ört (sjá dálkinn DagsSkrad). Það gerist þó minnst einu sinni á sólarhring fyrir hvern bút fyrir sig. Upplýsingar eru hinsvegar keyrðar út og/eða uppfærðar með nokkurra mínútna millibili óháð breytingum á færð. Því á dagsetningin í dálkinum DagsKeyrtUt aldrei að verða mikið eldri en 10 mínútur.

Dálkarnir AstandYfirbord, AstandVidbotaruppl, FrkvAudkenni og AsthungiAudkenni innihalda föst, fyrirframskilgreind gildi og eru í hástöfum. Þessir dálkar geta innihaldið eftirfarandi:

AstandYfirbord:

EKKI_I_THJONUSTU
FAERT_FJALLABILUM
FLUGHALT
GREIDFAERT
HALKA
HALKUBLETTIR
KRAP
LOKAD
OFAERT_ANNAD
OFAERT_VEDUR
OTHEKKT
SNJOTHEKJA
THAEFINGUR
THUNGFART

AstandVidbotaruppl:

ALLUR_AKSTUR_BANN
ELJAGANGUR
FAERT_FJALLABILUM
MOKSTUR
OSLETTUR_VEGUR
OTHEKKT
OVEDUR
SANDBYLUR
SKAFRENNINGUR
SNJOKOMA
STEINKAST
STORHRID
THOKA

FrkvAudkenni:

VEGAVINNA

AsthungiAudkenni:

2TONN

5TONN

7TONN

10TONN

Upplýsingar um hversu oft leiðin er mokuð eru í dálkinum Snjomokstursregla. Þar geta eftirfarandi gildi komið fyrir. Í vissum tilvikum geta tvö gildi komið fyrir með semikommu á milli, dæmi er „2X;TILFALLANDI“. Í því tilviki eru tveir fastir mokstursdagar en að auki getur viðkomandi sveitarfélag bætt við mokstursdegi:

EKKI_MOKAD : Engin vetrarþjónusta

2X : Þjónusta 2 daga í viku

3X : Þjónusta 3 daga í viku

4X : Þjónusta 4 daga í viku

5X : Þjónusta 5 daga í viku

6X : Þjónusta 6 daga í viku

7X : Þjónusta 7 daga í viku

VOR_HAUST : Mokstur vor og haust

TILFALLANDI : Tilfallandi mokstur skv. ákvörðun viðkomandi sveitarfélags

FLUGMOKSTUR : Mokstur í tengslum við áætlunarflug

Einnig geta vissar upplýsingar um færð verið skráðar í einstökum punktum ef þær gilda á mjög stuttum kafla á vegakerfinu. Punkskráningar gerast bara við vissar aðstæður og eru því ekki jafn margbrotnar eins og skráningar á búta í vegakerfinu.

Upplýsingar um punktögögnin eru í eftirfarandi töflu:

Heiti	Tag	Lýsing	Dæmi	Null?
IdPunktur	int	Einkvæmt auðkenni punkts	18544	N
Austur	decimal	X-hnit punkts (ISN93)	353540	N
Nordur	decimal	Y-hnit punkts (ISN93)	397646	N
Breidd	decimal	Breiddargráða staðsetningar	64.050696	N
Lengd	decimal	Lengdargráða staðsetningar	-21.999556	N
Astand	string	Ástand í punktinum	VEGAVINNA	N
Lysing	string	Lýsing á ástandi í punktinum	Vegavinna	N
LysingEn	string	Lýsing á ástandi í punktinum (enska)	Road repairs	N
Aths	string	Athugasemd eða nánari skýring	Reykjanesbraut, vegamót við Krýsuvík	J
AthsEn	string	Athugasemd eða nánari skýring (enska)		J
IdButur	int	Nr. þeirrar leiðar á vegakerfi sem punkturinn er á.	903140010	N
DagsSkrad	date	Hvenær ástand var skráð (á ISO 8601 formi)	2019-02-18T16:36:48Z	N
GildirTil	date	Dagur sem ástand í punkti gildir til (ISO 8601 form)	2019-02-20T00:00:00Z	N
DagsKeyrtUt	date	Hvenær upplýsingar voru útbúnar (á ISO 8601 formi)	2019-02-18T16:37:24Z	N

Dálkurinn Astand inniheldur föst, fyrirframskilgreind gildi og er í hástöfum. Dálkurinn getur innihaldið eftirfarandi:

VEGAVINNA
ALLUR_AKSTUR_BANN
VATNASKEMMDIR
STEINKAST
OSLETTUR_VEGUR
ANNAD